

Hítarnes lagzt til Miklaholtsprestakalls að öllu leyti jafnskjótt og breytingin **114** komst á brauðaskipunina, og verður engin breyting þar á gjörð að svo 9. okt. stöddu.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norðuramtinu og austuramtinu um hluttöku Norður-Þingeyjarsýslu í búnaðarskólhaldinu á Eyðum. — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef yðar, herra amtmaður, dags. 31. ágúst þ. á., þar sem þjer tjáid mjer þá ályktun sýslunefndarinnar í Norður-Þingeyjarsýslu, að hún hvorki vilji ganga í samband við sýslunefndirnar í Múlasýslum um búnaðarskólhaldið á Eyðum nje við hina aðra búnaðarskóla með því fyrirkomulagi, sem á þeim sje, svo og tillögu amtsráðanna í norðuramtinu og austuramtinu um, að jeg skipi svo fyrir, að Norður-Þingeyjarsýsla skuli taka þátt í búnaðarskólhaldinu á Eyðum samkvæmt tilboði sýslunefndanna í Múlasýslum, skal yður hjer með þjónustusamlega tjáid, til þóknanlegrar leiðbeiningar, að jeg finn ekki næga ástæðu til þess, að gjöra neinar fyrirskipanir um, að Norður-Þingeyjarsýsla móti vilja sýslunefndar sinnar gangi í hið umrædda búnaðarskóla-samband, en á hinn bóginn er stjörn búnaðarskólans á Eyðum innanhandar, að neita námspiltum úr Norður-Þingeyjarsýslu um inntöku á skólann.

Brjef landshöfðingja til póstmeistara um útbúning póstflutnings. (Ágrip). — **116** Út af umkvörtun frá yfirpóstmeistararnum í Kaupmannahöfn yfir því, að það 10. okt. viðgengist á því nær öllum hinum minni pósthúsum á Íslandi, að böggulsendingum og brjefsendingum væri blandað saman í sama póstpoka, er í sjálfu sjer væri óheppilegt og auk þess gjörði ómögulegt að taka móti póstinum í Kaupmannahöfn á fyrirskipaðan hátt, lagði landshöfðingi með brjefi þessu fyrir póstmeistara, að brýna fyrir öllum póstafrgreiðslumönnum, að láta ekki eptirleiðis koma fyrir, að böggulsendingar og brjefasendingar sjeu látnar í sömu póstpokana, einkanlega þegar er að ræða um sendingar til útlanda.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norðuramtinu og austuramtinum um breyting á skipan umboða í norðuramtinu og austuramtinu. — Í framhaldi af brjefi mínu, dags. 28. ág. þ. á. skal yður, herra amtmaður, hjer með þjónustusamlega tjáid, að ráðgjafinn fyrir Ísland hefur með brjefi, dags. 13. ágúst þ. á., samþykkt breytingu þá á skipan umboða í norðuramtinu og austuramtinu, sem um ræðir í þóknanlegu brjefi amtsins, dags. 7. maí þ. á., þannig, að eptirleiðis skuli allar þær þjóðjarðir, sem eru í hverri sýslu, vera umboð út af fyrir sig undir sömu innheimtu og umsjón, með sjerstakri reikningsfærslu, þótt sameina megi tvö smá-umboð, er þykja of lítil til þess, að vera sjerstök undir einum umboðsmanni.

Umboðaskipan í norður- og austuramtinu skal því eptirleiðis vera eins og nú skal greina: